FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Túngarðar og garður í Seyðisfirði, S-Múlasýslu

Skýrsla um snið í túngarða og garð 2019

Bjarni F. Einarsson
2020

Forsíðumyndin sýnir menn að störfum við túngarðinn á Þórarinsstöðum. (Stafrænar myndir nr. 12. Horft mót N. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Neyðarlínuna.
© Bjarni F. Einarsson
Mars 2020.

Kort 1. Yfirlit yfir staðsetningu könnunarskurða í Seyðisfirði.

Kort 2–4. Staðsetning könnunarskurða á Hánefsstöðum, Þórarinsstöðum og í Ausdla. (Viðbætur: Samsýn/ Fornleifafræðistofan).

Inngangur

Að beiðni Neyðarlínunnar og að kröfu minjavarðar Austurlands tók undirritaður að sér að grafa þversnið í túngarða á nokkrum jörðum í Seyðisfirði sem þurfti að raska vegna ljósleiðara- og raflínulagnar. Um var að ræða fjóra garða. Einn við Hánefsstaði, tvo við Þórarinsstaði og einn við Austdal. Annar garðanna við Þórarinsstaði, nr. 21:1, reyndist vera uppmokstur úr skurði og er því úr sögunni.

Aðstoðarmenn við rannsóknirnar voru Ármann Dan Árnason og Atli Rúnarsson fornleifafræðingar. Rannsóknin fór fram dagana 19.–20. október 2019. Veður var ágætt, en kallt auk þess sem birta var af skornum skammti. en það hafði ekki áhrif á niðurstöður.

Fulltrúi verkkaupa var Sigurður Ingi Hauksson hjá Neyðarlínunni.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsóknanna var að kanna gerð túngarðanna og mögulegan aldur þeirra. Einnig skyldi kanna hvort eldri garðar leyndust undir.

Staðhættir

Garðarnir voru í sunanverðum Seyðisfirði. Á Hánefsstöðum (nr. 19:1) var garðurinn í austurjaðri túns neðan við núverandi bæ í dálítilli brekku. Á Þórarinsstöðum (nr. 17:1) náði garðurinn nær því utan um gamla bæjarstæðið allt, frá fjöru upp yfir bæinn og aftur niður í fjöru. Hallaði landinu öllu niður að sjó, nema rétt neðan við bæjarstæðið þar sem það var flatt og þar voru heimatúnin. Í Austdal (nr. 14:1) var garðurinn neðan og norðan við gamla bæjarstæðið og náði frá Austdalsá í austri og lá svo í boga í átt að bænum og svo áfram til vesturs þar sem hann endaði við klettabelti. Hann lá yfir hallandi land (Austdalsháls) nær allan tímann og í nágrenni bæjarins var hann í holti. Hann virðist ekki hafa náð niður í fjöruna að vestanverðu.

Rannsóknir

Garður á Hánefsstöðum (nr. 19:1)

Túngarðinum er lýst svo í fornleifaskrá 27. sept. 2019:

> **Túngarður.**
> Úr torfi og grjóti. Breidd er óljós, en hæðin er 0,2 - 0,5 m. Efst er garðurinn greinilegur. Samkvæmt ábúanda var rutt að garðinum þegar túnið var sléttað og þar af er breiddin óljós. Hún virðist þó hafa verið um 1,5 m.

Þvert á garðinn var grafinn könnunarskuður nr. 1 og var hann staðsettur rétt ofan við þar sem ljósleiðarinn hafði þegar verið settur í gegnum garðinn. Könnunarskurðurinn var um 1 m breiður og 4,76 m langur. Mesta dýpt hans var 1,16 m. 0,1–0,24 m undir grasrótinni komu leyfar af túngarðinum í ljós.

Garðurinn virðist laskaður af seinni tíma framkvæmdum, enda var efni ýtt að honum af túninu yfir garðinn í sambandi við sléttun á 20. öld. Austan megin í garðinum var grjót sem hefur færst til við þá framkvæmd. Áætluð



Mynd 1. Túnakort frá Hánefsstöðum. Sniðið var tekið í gegnum túngarðinn ofarlega t.h. á myndinni (Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort).

Mynd 2. Túngarðurinn við Hánefsstaði þegar hann var skráður 27.9.2019. (Horft mót S. Ljósm. BFE).

Mynd 3. Snið í túngarðinn sem sýnir staðsetningu sýnatökustaða. Sjá má að garðurinn er nokkuð skaddaður og óljós að austanverðu (t.v.). Þar má sjá grjót í sniðunu (Stafr. myndir nr. 6. Horft mót S. Ljósm. BFE).

breidd garðsins var um 1,45 m. Þá er miðað við að hann hafi náð frá grjóti og svörtu gjóskulagi ofarlega í sniðinu í austri og svo 1,45 m til vesturs þar sem sjá má torf eða torfstrengi (sjá sniðteikningu, mynd 4). Áðurnefnt grjót féll úr sniðinu við rannsóknina, en er teiknað inn á sniðmyndina. Þegar raskið átti sér stað hefur grjót í veggnum hugsanlega rutt sér niður fyrir svart gjóskulag (nr. 6 á sniðteikningu), en upphaflega hefur gjóskan líklega legið undir öllum



Mynd 4. Sniðteikning af túngarðinum á Hánefsstöðum. Á teikningunni má greina að garðurinn hefur færst við framkvæmdir (steinar hafa færst til og garðurinn hugsanlega grafið sig niður í lag 6 og rofið það). Ljósgræni ónumeraði flöturinn er garðurinn eins og hann var lengstum á síðari öldum. Dökkgræni liturinn sýnir restar af eldri garði.

garðinum. Sennilega er um tvo garða að ræða, annarsvegar þann sem grjótið er í og hins vegar þann sem gjóskulögin eru í (lag 4, sjá mynd 4). Yngri hlutinn er ekki vel hlaðinn og virðist honum hafa verið hróflað upp úr efni á staðnum og grjóti komið fyrir at utanverðu (austan). Hugsanlega hefur garðurinn raskast mikið þegar ýtt var að honum og hleðslutorfið orðið ógreinilegt og því virðist hann verr hlaðinn en efni standa til að álykta. Yngri hluti garðsins er byggður upp á hluta þess eldri og þannig er sá eldri nýttur áfram.

Neðri garðurinn hefur verið byggður úr torfi (streng), en engu grjóti. Engin ummerki um pælu sást við garðinn (garðana).

Tvö sýni voru tekin í sniðinu (sjá mynd 3, sýni 1 og 2). Niðurstaða gjóskugreiningarinnar er sú að sýni 1 er úr forsögulegu Grímsvatnalagi frá því um 810 e.Kr. og sýni 2 er úr Veiðivatnagosinu frá árinu 1477 e.Kr. Garðurinn er því eldri en 1477, því allt bendir til þess að lag 5 hafi legið yfir garðinum á einhverju tímabili, það er að segja yfir elsta hluta hans. Gjóskulögin í sjálfum garðinum eru mjög líklega þau sömu og lag 6 og þá er garðurinn frá upphafi byggðar í landinu. Honum hefur svo verið við haldið alveg fram á 20. öldina.

Túngarður á Þórarinsstöðum (nr. 17:1)
Í fornleifaskrá 27. sept. 2019 er túngarðinum lýst svohljóðandi:

> **Túngarður.**
> Úr grjóti og torfi, 1 - 1,6 m breiður og 0,1 - 0,6 m hár. Garðurinn er illa farinn á kafla.
> Við suðvestur horn hans er gerði (hestarétt?), 8 x 11 m stórt. Veggir þess eru úr grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,9 m háir.
> Hlið er á gerðinu mót austri, upp við garðinn. Hugsanlega eru dyr eða op á gerðinu mót vestri.
> Gerðið er áfast túngarðinum sem heldur svo áfram í vestur.
> Ekki sást túngarðurinn að vestanverðu, en á loftmynd má sjá hvar hann liggur



Mynd 5. Túnakort frá Þórarinsstöðum. Sniðið var tekið lengst til hægri á myndinni þar sem brotalínan er. (Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort).

Mynd 6. Túngarðurinn á Þórarinsstöðum þar sem könnunarskurðurinn var grafinn. (Stafr. myndir nr. 1. Horft mót N. Ljósm. BFE).

Mynd 7. Könnunarskurðurinn í gegnum túngarðinn á Þórarinsstöðum og sýnatökustaður niðri til vinstri. (Stafr. Myndir nr. 14. Horft mót N. Ljósm. BFE).

niður að klettum neðan við malarveginn rétt austan við gamla flugvöllinn. Annan garð má sjá á sömu loftmynd nokkru austar sem liggur að sömu klettum að austanverðu og hann gæti verið eldri útgáfa af túngarðinum áður en hann var færður til vesturs.

Fyrst var grafinn könnunarskurður þvert á garðinn þar sem hann var hvað lægstur og þar sem strengurinn fór í gegnum hann. Sá prufuskurður gaf ekkert uppi um gerð eða aldur. Því var grafinn könnunarskurður skammt fyrir neðan fyrri skurðinn, einmitt á mörkunum þar sem heillegur garðurinn



Mynd 8. Snið í túngarðinn á Þórarinsstöðum.

breyttist í fallinn garð. Skurðurinn var um 1 m breiður og 2 m langur. Mesta dýpt hans var 1,32 m (frá hæsta punti niður á botn skurðarins). Garðurinn var eingöngu úr grjóti þar sem hann var kannaður og ákveðin tilhneiging til þess að stærsta grjótið hafi verið utanvert með minna grjóti í kjarna. Á öðrum stöðum, sérstaklega að vestanverðu kann túngarðurinn að hafa verið úr torfi eða torfi og grjóti, en í örnefnaskrá segir að þessi hluti hafi einmitt verið úr torfi (Örnefnaskrá. Þórarinsstaðir 1). Hugsanlega hefur garðurinn verið hærra að austanverðu (utanverðu) strax í upphafi og hafi þá náttúrulegur kanntur við lækinn verið nýttur til þess.

Túngarðinn á Þórarinsstöðum má rekja í stórum dráttum utan um allt býlið í dag með fáeinum undantekningum þar sem núverandi vegur hefur farið í gegnum hann. Var túnið allt, sem þó var skipt niður í sex spildur, kallað Þórarinsstaðatún og var það allt innan girðingar (Önefnaskrá Þórarinsstaða).

Líklega hefur garðurinn verið rétt rúmlega meter á breidd og núverandi hæð hans í könnunarskurðinum er um 1,28 m. Efsti steinninn er greinilega settur þarna á seinni tímum og því hefur hæðin upprunalega verið um 1,16 m. Ef stór steinn neðst t.h. í sniðinu er ekki talinn með þar sem hann hefur líklega verið þarna þegar garðurinn var hlaðinn er hæðin 0,9 m. Það er þó mat höfundar að steinninn sé hluti af garðinum.

Eitt sýni (nr. 3) var tekið úr svörtu gjóskulagi sem lá undir garðinum að hluta. Reyndist það vera úr Veiðivatnagosinu árið 1477. Garðurinn er því yngri en svo, en um nánari aldur verður ekki neitt sagt með vissu, en þó liggur aldurinn (upphaf hans) mun nær 1477 en 2020. Byggð á Þórarinsstöðum nær allavega til 10. aldar (Steinunn Kristjánsdóttir 2004), en

ekkert bendir til þess að þessi túngarður hafi tengst þeirri búsetu. Túngarðurinn um hinn forna bæ hefur verið annarsstaðar og líklega farið í túnræktun.

Engin pæla sást við garðinn (enda ekki að vænta við garð úr grjóti) og ekkert eldra fannst undir honum.

Í örnefnaskrá segir að garðurinn hafi heitið á þessum kafla *Ytritúngarður*, einnig *Grundartúnsgarður*, og hafi hann legið niður að Túngarðsklöpp og voru þetta austurmörk Heimatúnsins eða Þórarinsstaðatúnsins (Örnefnaskrá. Þórarinsstaðir 1).

Garður í Austdal, (nr. 14:1).
Garðinum er lýst svo í fornleifaskrá 27. sept. 2019:

> **Garður.**
> Úr grjóti, 0,3 - 1 m breiður og 0,1 - 0,5 m hár.
> Hlið er á garðinum norður af efstu rústum Austdals. Ekki sást þar gata í gegn.
> Garðurinn var ekki allur mældur, heldur frá horni á garðinum í austri að háu barði í vestri.

Könnunarskurðurinn var grafinn þvert á garðinn þar sem strengurinn átti að fara í gegnum hann. Skurðurinn var um 1 m breiður og 1,64 m langur. Mesta dýpt hans var 0,58 m í SA–horninu.

Garðurinn var úr grjóti einu saman og yfirleitt ekki nema ein grjótaröð en stundum tvær. Hann var ekki sokkinn ofan í urðina eins og halda mætti við fyrstu sýn. Þessi garður hefur aldrei getað haldið fé einn og sér, enda sáust í honum leifar af tréstaurum hér og þar. Bendir þetta til þess að garðurinn sé ekki ýkja gamall. Algent er að á fyrstu árum gaddavírsins um 1900 á Íslandi



Mynd 9. Túnakort frá Austdal. Garðurinn sem rannsakaður var er ekki á teikningunni.

Mynd 10. Garðurinn í Austdal fyrir rannsókn. Pinnin sýnir þar sem strengurinn fór í gegnum garðinn og þar var könnunarskurðurinn grafinn. (Stafr. myndir nr. 2. Horft mót N. Ljósm. BFE).

Mynd 11. Sniðið í garðinn í Austdal. Eins og sjá má voru engin gjóskulög í því og steinaröðin aðeins einföld. (Stafr. myndir nr. 18. Horft mót A. Ljósm. BFE).

hafi grjóti eða torfi verið hlaðið undir girðingar, bæði vegna þess að þannig var hægt að spara gaddavírin og svo hefur hefðin verið rík að gera einhverskonar garð. Slíkt fyrirkomulag er afar algent víða um landið.

Engin gjóska sást í sniðinu og því var ekkert sýni tekið.

Engin pæla sást og ekkert eldra fannst undir garðinum.



Mynd 12. Snið í garðinn við Austdal.

Sögubrot

Hánefsstaða virðist fyrst vera getið í rituðum heimildum rétt fyrir 1700, en það er í gömlu jarðabókinni frá 1686 (Björn Lárusson 1967:319). Þá eru Hánefsstaðir 10 hundraða jörð í eigu kóngsins og hafði dýrleikanum verið breytt úr sex hundruð í 10. Síðar á miðri 19. öld var bærinn aftur talin sex hundraða jörð og þá í bændaeign (Johnsen1847:362). Árið 1703 voru sjö manns í heimili. Bóndinn var Jakob Pjetursson 37 ára og kona hans Ingibjörg Sæmundsdóttir 55 ára. Tvö voru börn Ingibjargar, 14 og 15 ára stúlkur, Guðlaug og Sigríður Benediktsdætur, móðir Jakobs Ragnhildur Jónsdóttir og tveir vinnumenn, þeir Gunnar Eyjólfsson og Erlendur Árnason (Manntal á Íslandi 1924–47:400).

Þórarinsstaða er fyrst getið í máldaga um sunnlendingafjórðung árið 1367. (Ísl. Fornbréfasafn 1896:233). Aftur er bæjarins getið í máldaga kirkjunnar á Þórarinsstöðum árið 1397 og þá í eigu kóngsins (Ísl. Fornbréfsafn 1897:225). Undarlegt nokk er kirkjunnar ekki getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 þó svo að fornleifarannsóknir hafi sýnt að kirkja er á staðnum skömmu eftir 1000 (Steinunn Krisstjánsdóttir 2004:84). Saga Þórarinsstaða nær þó allt aftur á 10. öld (sama 2004:90).

Í hinni gömlu jarðabók frá 1686 eru Þórarinsstaðir taldir vera jafn stór jörð og Hánefsstaðir eða 10 hundruð og hafði þá nýlega verið breytt úr sex í 10 hundruð. Síðar var hún þó ekki talin vera nema sex hundruð eins og Hánefsstaðir (Johnsen 1947:362). Þórarinsstaðir voru svokölluð kristfjárjörð til framfærslu fátækra.

Árið 1703 bjuggu sex manns á Þórarinsstöðum. Jón Eyjólfsson 34 ára bóndi ásamt konu sinni Ragnhildi Kolbeinsdóttur 25 ára. Börn þeirra voru fjögur á aldrinum 9 vikna - 8 ára. Þau voru Jón, Kolbeinn, Halldóra og Guðbjörg (Manntal á Íslandi 1924–1947:400).

Austdals er fyrst getið í hinni gömlu jarðabók frá 1686 að því að höfundur best veit (Björn Lárusson 1967:319). Var dýrleiki jarðarinnar þá 13 hundruð, en áður, eða 1760 var hún hugsanlega 20 hundruð (Johnsen 1847:362, fótnóta 1). 20. hundraða jörð er frekar stór jörð og bendir til þess að býlið sé býsna gamalt að stofni til.

Í Manntali 1703 bjuggu átta manns í Austdal. Voru það hjónin Eyjólfur Sæmundsson og Ingibjörg Gunnlausdóttir 48 og 34 ára og börn þeirra fimm á aldrinum 4 vikna - 10 ára. Þau voru Rannveig, Rafn, Guðrún, Sæmundur og Ólöf. Að auki var þar vinnumaður, Ari Jörundsson 22 ára (Manntal á Íslandi 1924–1947:401).

Að sumra áliti var Austdalur einhver hin besta sauðfjárjörð í Seyðisfirði (Örnefnaskrá. Austdalur).

Niðurstaða

Rannsóknirnar sýna að Hánefsstaðir kunna að eiga sér býsna langa sögu og sennilega nær hún mun lengra aftur í aldir en elstu ritaðar heimildir segja til um. Bendir allt til þess að sú saga nái aftur á 9.–10. öld.

Um Þórarinsstaði er vitað að saga bæjarins nær a.m.k. aftur á 10. öld. Túngarðurinn sem rannsakaður var virðist þó vera mun yngri, en þó gæti hann verið frá miðöldum eða frá 16.–17. öld.

Austdalur gæti verið forn jörð, en garðurinn sem rannsakaður var er varla eldri en frá því um 1900 og varpar því engu frekara ljósi á aldur bæjarins.

Samkvæmt Grágás og Jónsbók áttu svokallaðir löggarðar að vera 1,25–1,5 m á þykkt neðst og 0,75–0,90 efst. Hæð þeirra skildi taka meðalmanni í öxl eða u.þ.b. 1,5–1,6 m (Grágás 1992:12. Jónsbók 2004:178).

Árið 1776 kom þúfnatilskipunin svokallaða (Kristmundur Bjarnason 1978). Í tilskipuninni er kveðið á um að öll tún skyldi girða torf- eða grjótgörðum, verði því við komið. Áttu garðarnir að vera a.m.k. 1,23 – 1,43 m á breidd að neðan og hæð þeirra átti að vera 0,98–1,14 m (ibid 1978:35).

Elstu túngarðar á Íslandi eru yfirleitt úr torfi einu saman og líklega eiga ákvæði Grágásar og Jónsbókar við slíka garða. Þegar kemur fram á miðaldir taka grjótgarðar að birtast, en líklega hafa þeir ekki náð verulegum vinsældum fyrr en á seinni öldum. Elsti grjótgarður sem rannsakaður hefur verið er líklega Fornigarður í Selvogi (Bjarni F. Einarsson 2006). Hann er þó ekki túngaður, heldur sennilega sandvarnargarður utan um byggðina í

Selvogi. Fornigarður var hlaðinn einhvern tímann á tímabilinu 1104 - 1220-26 (ibid 2006:226).

Svipaður garður (sandvarnargarður) mun vera svokallaður *Skagagarður* á Garðskaga á Reykjanesi sem að mati Kristjáns Eldjárns var „*ævaforn*“ (Kristján Eldjárn 1977:117). Eitthvað var af jarðvegi í garðinum að sögn Kristjáns. Fleiri sandvarnargarðar eru þekktir á Reykjanesinu.

Garðar þjónuðu margskonar hlutverki og segir heitið á þeim gjarnan til um hlutverkið, eins og túngarður, engjagarður, göngugarður, kálgarður og jafnvel kirkjugarður. Í sumum tilfellum hafa þeir fengið eiginnöfn eins og *Ranglátur* o.s.frv. (Bjarni F. Einarsson 2006. Árni Einarsson 2019).

Eins og áður kom fram var eitt markmiðanna að kanna hvort eldri leifar kynnu að leynast undir görðunum og reyndist svo vera að vissu leyti við túngarðinn á Hánefsstöðum. Við hina garðan tvo á Þórarinsstöðum og Austdal var ekki svo. Hvort garðurinn á Hánefssstöðum sé einnig túngarður utan um býlið eða ekki verður ekki mikið sagt. Líklegast er þó að þetta sé eldri túngarður býlisins.

Heimildir

Árni Einarsson. *Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Mál og menning. Reykjavík 2019.

Bjarni F. Einarsson. „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur VII*. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.

Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund 1967.

Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992.

Íslenskt fornbréfasfn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Hið íslenska Bókmenntafélag. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1896.

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.

Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman. Reykjavík 2004.

Kristján Eldjárn. „Skagagarður - fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977*. Landið og heimahagar. Bls. 107-119.

Kristmundur Bjarnason. *Saga Dalvíkur 1*. Dalvíkurbær, 1978.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924–1947.

Steinunn Kristjánsdóttir. *The Awakening of Christianity in Iceland*. Discovery of a Timber Church and Graveyard at Þórarinsstaðir in Seyðifjörður. GOTARC. Gothenburg Archaeological Theses. Series B No 31. Gothenburg 2004.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844. Múlasýslur. Sögufélag - Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík 2000.

Túnakort. Austdalur. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Hánefsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Þórarinsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá. Austdalur. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Seyðisfjörður. Sigurður Vilhjálmsson. Örnefni á öllum bæjum. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Þórarinsstaðir 1. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:
Fornleifar nr. 14, 17 og 19 í Seyðisfirði, N-Múlasýslu. Meintar fornleifar nr. 21:1 reyndust vera uppmokstur úr skurði.

Verkkaupi:
Neyðarlínan.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:
Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:
17. okt. 2019.

Leyfisnúmer:
201910-0067.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns:
2019-96.

Starfsmenn:
Atli Rúnarsson, fornleifafræðingur.
Ármann Dan Árnason, fornleifafræðingur.
Bjarni F. Einarsson, stjórnandi, fornleifafræðingur.

Forvarsla:
Engin.

Rannsóknartími:
19. – 20. okt. 2019.

Megin niðurstaða:
Undir garðinum á Hánefsstöðum fannst eldri kynslóð garðsins sem hugsanelga er frá landnámsöld. Á Þórarinsstöðum gæti garðurinn verið frá miðöldum, yngri en 1400 og garðurinn á Austdal er líklega frá því um 1900.

Hnitakerfi/hæðarkerfi:
Eigið.

Grafinn flötur:
Um 4,7 m^2 + 2 m^2 + 1,6 m^2 = 8,3 m^2.
Um 4,7 m^3 + 1,6 m^3 + 0,6 m^3 = 6,9 m^3.

Geymsla gagna:
Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Þjóðminjasafni Íslands til geymslu.

Skýrsla hjá:
Fornleifafræðitofunni, Minjastofnun Íslands o.fl.

Skrár:

1 Gjóskugreining, próf. Þorvaldur Þórðarson bls. 15
2 Stafrænar myndir bls. 16
3 Sýnaskrá bls. 20
4 Teikningaskrá bls. 21

ÞÞ 2020 Skýrsla. Niðurstöður gjóskugreininga á sýnum frá Seyðisfirði og Fnóskadal.

Þorvaldur Þórðarson 2020.

<u>Gjóskusýni frá Hánefsstöðum og Þórarinsstöðum í Seyðisfirði.</u>

<u>Sýni 1 (H-1) Hánefsstaðir. Gjóskulag neðan við túngarð.</u>

Þetta gjóskulag hefur samsetningu sem samsvarar til uppruna innan Grímsvatnakerfisins, s.br. Mg# vs TiO_2 plottið í meðfylgjandi Excel-skrá, sem sýnir óhyggjandi að þetta gjóskulag er frá Grímsvatnakerfinu þar sem það fellur innan „TGK-trend“ sviðsins. Jafnframt, getur ekki verið frá Bárðarbungu-Veiðivatnakerfinu,sem er innan „VAK-trend“ sviðsins.

En þetta gjóskulag hefur sérstöðu á meðal Grímsvatnalaga hvað það varðar vegna þess að það er talsvert hærra í MgO og lægra í FeO, TiO_2 og K_2O en gengur og gerist með Grímsvatnalög, eins og sjá meðfylgjandi Excel skjal og plott fyrir gjóskusýni frá Seyðisfirði, röð 2, og þá sér í lagi Grímsvatnalög frá sögulegum tíma (ljósblá línan afmarkar samsetningarsvið sögulegrar Grímsvatnagjósku), sem eru öll mun þróaðri, þ.e. með talsvert lægra MgO gildi.

Yngsta grímsvatnalagið sem hefur sambærilega samsetningu er frá gosi snemma á 9. Öld, eða um 810 e.kr.

<u>Sýni 2 (H-2) Hánefsstaðir. Er úr gjóskulagi sem liggur vel ofan við túngarðinn.</u>

Þetta gjóskulag hefur samsetningu sem sýnir uppruna innan Bárðabungu-Veiðivatnakerfisins. Gjóskan hefur samsetningu sem er frábrugðin Veiðivatnagjóskunni frá gosinu árið 1717 (V1717), en fellur innan samsetningarsviðs gjóskunnar frá Veiðivatnagosinu 1477 sem og gjóskunnar frá Vatnaöldugosinu 871, sem er betur þekkt sem Landnámslagið (LNL). Ekki er hægt að greina þarna á milli á samsetningu einni saman. Lega gjóskulagsins í jarðvegi, 20-25 sm neðan við yfirborð, bendir frekar til þess að þetta sé gjóskan úr Veiðivatnagosinu 1477. Þykkt lagsins, sem er á bilinu 1-2 sm, rennir frekari stoðum undir þessa túlkun, því V1477 gjóskan er þykkari og meira áberandi í jarðvegi á þessum slóðum en Landnámslagið (LNL).

Sýni 3 (H-3) sem er úr gjóskulagi sem liggur undir hlöðnum túngarði. Þetta gjóskulag hefur að stofni til samsetningu er eins og sýni H-2 (og er því talin vera frá Veiðivatnagosinu 1477 e.kr.

Niðurstaðan er þá:

Sýni 1 er úr gjóskulagi sem myndaðist í eldgosi innan Grímsvatnakerfisins um 810 e.kr.

Sýni 2 og 3 eru úr gjóskulaginu frá Veiðivatnagosinu 1477 e.kr.

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	N	1

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Túngarður nr. 17:1 fyrir rannsókn. Í hann voru Prh. 2og 3 grafnar.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Austdalur	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	N	2

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Garður nr. 14:1 fyrir rannsókn. Í hann var Prh. 4 grafin.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Austdalur	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	N	3

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Garður nr. 14:1 fyrir rannsókn. Í hann var Prh. 4 grafin.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Austdalur	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	S	4

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Vélavinna að hefjast við garð 14:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Hánefsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	A	5

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Prufuhola 1 í túngarð 19:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Hánefsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	S	6

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Snið í túngarð 19. Vesturhluti sniðsins. Sjá má garðinn undir sverðinum.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Hánefsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	S	7

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Snið í túngarð 19. Miðhluti sniðsins. Sjá má garðinn undir sverðinum.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Hánefsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	S	8

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Snið í túngarð 19. Austurhluti sniðsins. Grilla má í garðinn undir sverðinum t.h.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	19/10/2019	A	9

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Vélavinna við Prh. 2 í túngarð 17:1. Aðeins slitrur af garðinum sáust og því var Prh. 3 grafin.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	S	10

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Prh. 2 í túngarð 17:1. Aðeins slitrur af garðinum sáust og því var Prh. 3 grafin. Svört gjóska.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	S	11

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Prh. 2 í túngarð 17:1. Aðeins slitrur af garðinum sáust og því var Prh. 3 grafin. Svört gjóska.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	N	12

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Yfirlit yfir Prh. 3 í túngarð 17:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	N	13

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Yfirlit yfir Prh. 3 í túngarð 17:1. Svört gjóska neðst, sama og í Prh. 2.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	N	14

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Yfirlit yfir Prh. 3 í túngarð 17:1. Svört gjóska neðst, sama og í Prh. 2.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	N	15

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Yfirlit yfir Prh. 3 í túngarð 17:1. Svört gjóska neðst, sama og í Prh. 2.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Austdalur	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	A	16

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Prh. 4 í garð 14:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Austdalur	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	A	17

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Prh. 4 í garð 14:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Leyf.nr. 201910-0067
Austdalur	Seyðisfjörður		Þjms nr. 2019-96

Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
N-Múlasýsla	20/10/2019	A	18

Myndavél	Myndefni
Canon EOS 550D	Prh. 4 í garð 14:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Stafrænar ljósmyndir

Staður	*Sveitarfélag*	*Tákntala*
Austdalur	Seyðisfjörður	

Sýsla	*Dags*	*Mót*	*Mynd nr.*
N-Múlasýsla	20/10/2019	A	19

Myndavél	*Myndefni*
Canon EOS 550D	Prh. 4 í garð 14:1.
Ljósmyndari	
Bjarni F. Einarsson	

Leyf.nr. 201910-0067

Þjms nr. 2019-96

Staður	Sveitarfélag	Sýsla	Eining númer
Hánefsstaðir	Seyðisfjörður	N-Múlasýsla	1

Tekið dags	Þjms. nr.	Teg. sýnis	Greiningaraðferð	G
19/10/2019	2019-96	Gjóska	Aldur og uppruni	

Niðurstaða: Úr Grímsvatnakerfinu um 810 e.Kr.

Mannvirki: 19:1

Áætlaður aldur	-	% af einingu	-	Graftaraðferð	Sýnið tók
Staðfestur aldur		Rúmmal	-	Vél/hangröftur	Ármann Dan Árnason

X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
-	-	-		Gjóskulag	-

Athugasemdir: Sýnið var tekið úr svörtu gjóskulagi undir garðinum. Sýnið send til próf. Þorvaldar Þórðarssonar í okt. 2019.

Fjöldi fata/poka	1
Blöndun	Nei
Rakastig	-

Staður	Sveitarfélag	Sýsla	Eining númer
Hánefsstaðir	Seyðisfjörður	N-Múlasýsla	2

Tekið dags	Þjms. nr.	Teg. sýnis	Greiningaraðferð	G
19/10/2019	2019-96	Gjóska	Aldur og uppruni	

Niðurstaða: Úr Veiðvötnum 1477 e.Kr.

Mannvirki: 19:1

Áætlaður aldur	-	% af einingu	-	Graftaraðferð	Sýnið tók
Staðfestur aldur		Rúmmal	-	Vél/hangröftur	Ármann Dan Árnason

X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
-	-	-	-	Gjóskulag	-

Athugasemdir: Sýnið er tekið rétt undir grassverðinum vestast í prufuholunni. Yfir garði að hluta. Sýnin send til próf. Þorvaldar Þórðarssonar í okt. 2019.

Fjöldi fata/poka	1
Blöndun	Nei
Rakastig	-

Staður	Sveitarfélag	Sýsla	Eining númer
Þórarinsstaðir	Seyðisfjörður	N-Múlasýsla	3

Tekið dags	Þjms. nr.	Teg. sýnis	Greiningaraðferð	G
19/10/2019	2019-96	Gjóska	Aldur og uppruni	

Niðurstaða: Úr Veiðvötnum 1477 e.Kr.

Mannvirki: 17:1

Áætlaður aldur	-	% af einingu	-	Graftaraðferð	Sýnið tók
Staðfestur aldur		Rúmmal	-	Vél/hangröftur	Ármann Dan Árnason

X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
-	-	-	-	Gjóskulag	-

Athugasemdir: Sýnið var tekið úr svörtu gjóskulagi rétt undir túngarðinum vestan við hann. ýnin send til próf. Þorvaldar Þórðarssonar í okt. 2019.

Fjöldi fata/poka	1
Blöndun	Nei
Rakastig	-

Teikn. nr.	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Þjms. nr.
1	Hánefsstaðir	Seyðisfjörður		N-Múlasýsla	2019-96

Teiknari	Dags	Myndefni aðal	Stærð	Frumt.	Hreint.	Leyf.nr.
Ármann D. Árnason/Atli Rúnarsson	19.10.2019	Snið í túngarð	A3	x		201910-0067

Athugasemdir

Snið í túngarð Hánefsstaða

Mannvirki

Fornleifar nr. 19

X SV-horn	Y SV-horn
-	-

Teikning



Teikn. nr.	Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla	Þjms. nr.
10	Þórarinsst/Austdalur	Seyðisfjörður		N-Múlasýsla	2019-96

Teiknari	Dags	Myndefni aðal	Stærð	Frumt.	Hreint.	Leyf.nr.
Ármann D. Árnason/Atli Rúnarsson	20.10.2019	Snið í túngarð og garð	A3	x		201910-0067

Athugasemdir

Sniðteikning af túngarði á Þórarinsstöðum og af garði í Austdal

Mannvirki

Fornleifar nr. 17 og 14.

X SV-horn	Y SV-horn
-	-

Teikning